ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 195/2018 **2021/EES/15/23**

frá 21. september 2018

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/674 frá 17. nóvember 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB að því er varðar hleðslustöðvar fyrir vélknúin ökutæki í L-flokki, afhendingu rafmagns frá landi fyrir skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum og áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas fyrir flutninga á vatnaleiðum, og um breytingu á þeirri tilskipun að því er varðar tengibúnað fyrir vélknúin ökutæki fyrir áfyllingu loftkennds vetnis ([1]).

2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 5a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB):

„, breytt með:

– **32018 R 0674**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/674 frá 17. nóvember 2017 (Stjtíð. ESB L 114, 4.5.2018, bls. 1).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 5a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB):

„5b. **32018 R 0674**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/674 frá 17. nóvember 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB að því er varðar hleðslustöðvar fyrir vélknúin ökutæki í L-flokki, afhendingu rafmagns frá landi fyrir skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum og áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas fyrir flutninga á vatnaleiðum, og um breytingu á þeirri tilskipun að því er varðar tengibúnað fyrir vélknúin ökutæki fyrir áfyllingu loftkennds vetnis (Stjtíð. ESB L 114, 4.5.2018, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/674, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ([*]), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2018 frá 9. febrúar 2018 ([2]), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

([1]) Stjtíð. ESB L 114, 4.5.2018, bls. 1.
([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.
([2]) Stjtíð. ESB L 323, 12.12.2019, bls. 47, og EES-viðbætir nr. 98, 12.12.2019, bls. 43.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.